

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995 kl. 12:30

47. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 12/1995

Auglýsingar Radiobúðarinnar

Þann 8. desember 1994 birtist auglýsing frá Radiobúðinni þar sem gefið er upp afborgunarverð á mánuði í 36 mánuði. Í þeirri upphæð voru ekki innifaldir vextir og annar kostnaður. Stofnunin benti á í bréfi að þá kröfu yrði að gera þegar upplýsingar eru gefnar um afborgunarverð verði einnig að gefa upp heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, auk staðgreiðsluverðs. Var þeim tilmælum beint til fyrirtækisins að birta auglýsinguna ekki aftur nema fullnægjandi upplýsingar komi fram.

Þann 22. janúar birtist auglýsing frá fyrirtækinu aftur og uppfyllti hún ekki þær kröfur sem stofnunin hafði sett.

Vegna auglýsingarinnar sendi Samkeppnisstofnun Radiobúðinni bréf þar sem kynntar voru reglur samkeppnisráðs um verðupplýsingar í auglýsingum sem settar voru 13. janúar vegna auglýsingarinnar. Í 4.gr. reglnanna segir: "Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1. Staðgreiðsluverð

4.2. Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekinn lánstíma".

Í auglýsingunni þann 22. janúar birtust einungis upplýsingar um afborgunargreiðslur á mánuði, mánaðarfjölda, staðgreiðsluverð auk verðs sem ekki var heildarverð. Í bréfinu var þeim tilmælum beint til Radiobúðarinnar að auglýsa framvegis í samræmi við reglurnar.

Þeim tilmælum hefur fyrirtækið ekki sinnt og 2 auglýsingar birtust óbreyttar frá fyrirtækinu þann 12. febrúar s.l.

Á fundi auglýsinganefndar þann 15. febrúar var eftirfarandi samþykkt:

"Í auglýsingum Radiobúðarinnar sem birtust þann 12. febrúar s.l., koma ekki fram upplýsingar um heildarupphæð sem greiða skal þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar. Einungis koma fram upplýsingar um afborgunargreiðslu á

mánuði og staðgreiðsluverð auk verðs sem ekki er heildarverð. Auglýsingarnar hafa að geyma villandi og ófullnægjandi upplýsingar sem brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga og reglur um verðupplýsingar í auglýsingum sem Samkeppnisráð setti þann 13. janúar s.l. með heimild í 30.gr. samkeppnislaga. Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni auglýsingar frá Radiobúðinni með heimild í 51. gr. samkeppnislaga þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal auk staðgreiðsluverðs ef upplýsingar koma fram um afborgunargreiðslur á mánuði, sbr. 4. gr. ofangreindra reglna.

Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð beiti dagsektum kr. 50.000 á dag verði bannið brotið".

Ákvörðunarorð:

"Samkeppnisráð bannar auglýsingar frá Radiobúðinni með heimild í 51. gr. samkeppnislaga þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal auk staðgreiðsluverðs ef upplýsingar koma fram um afborgunargreiðslur á mánuði, sbr. 4. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum.

Verði ekki farið að ákvörðun ráðsins mun Samkeppnisráð taka ákvörðun um dagsektir á næsta fundi sínum".